

Nefndarálit með frávísunartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Frá minni hluta atvinnuveganefndar.

Við allar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða er mikilvægt að hafa það grundvallarstef í huga að sjávarauðlindin er sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. Þegar til skoðunar kemur hvort kvótasetja eigi nýjar tegundir verður því ávallt að spyrja þeirrar spurningar hvort núverandi kerfi þjóni heildarhagsmunum þjóðarinnar. Í aflamarkskerfinu, eins og það er skilgreint í lögum um stjórn fiskveiða, felst takmörkun á þessum rétti þjóðarinnar þar sem aflaheimildum er úthlutað þannig að það færir fáum aðilum langvarandi eignar- og ráðstöfunarrétt yfir sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar.

Það er skoðun minni hlutans að réttara væri að hefja heildarendurskoðun á aflamarkskerfinu með það að markmiði að tryggja þjóðinni sanngjarna og réttláta hlutdeild í þessum sameiginlegu auðlindum þjóðarinnar. Minni hlutinn telur því ekki rétt að festa varanlega í sessi kvótasetningu á þangi og þara.

Náttúruvernd.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 3. og 4. mgr. 2. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, falli brott. Með þeirri breytingu er lagt til að fellt verði á brott ákvæði um að nýting sjávargróðurs skuli vera í samræmi við lög um náttúruvernd og lög um vernd Breiðafjarðar eftir því sem við á. Þá er í 2. gr. lagt til að 3.–6. mgr. 3. gr. laganna falli brott sem kveða á um hlutverk Hafrannsóknastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands um vöktun á nýtingu sjávargróðurs. Þessar breytingar, ásamt 3. gr. frumvarpsins um brottfall 2. mgr. 15. gr. b um skyldu til að leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, kunna að vera til þess fallnar að draga úr vægi náttúruverndar við nýtingu sjávargróðurs eins og bent hefur verið á af umsagnaraðilum. Ekki fæst séð að sannfærandi rök séu fyrir afnámi þessara reglna, að öðru leyti en að vísað er í greinargerð með frumvarpinu til einföldunar regluverks og að stjórnsýslan sé bundin af meginreglum umhverfisstjórnarinnar. Að mati minni hlutans er þessi rökstuðningur ófullnægjandi þegar svo mikilsverðir hagsmunir eru undir eins og vernd náttúru og lífríkis.

Minni hlutinn telur að einnig hefði þurft að líta til þess að þangfjörur og þaraskógar gegna mikilvægu hlutverki í kolefnisbindingu og að réttara hefði verið að huga í mun meira mæli að áhrifum lagasetningarinnar á loftslagsmál. Sú niðurstaða sem frumvarpið felur í sér um að aftengja með beinum hætti nýtingu sjávargróðurs frá lögum um náttúruvernd og færa vöktun og eftirlit að öllu leyti frá Náttúrufræðistofnun til Hafrannsóknastofnunar virðist benda til þess að ætlun stjórnvalda sé að hunsna náttúruverndar- og loftslagssjónarmið við ákvarðanatöku um nýtingu og öflun sjávargróðurs.

Fjallað er í nokkru máli um athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands í samráðskafla í greinargerð með frumvarpinu en svo virðist sem athugasemdir þeirra á undirbúningsstigi

málsins hafi verið hunsaðar. Samþykkt frumvarpsins að óbreyttu þýðir að athugasemdir Náttúrufræðistofnunar verði áfram hunsaðar, sem minni hlutinn telur ámælisvert.

Að framangreindu virtu telur minni hlutinn ljóst að málið sé ekki fullbúið og að það þarfnist ítarlegri yfirlegu til að hagsmunir náttúruverndar, loftslagsins og þjóðarinnar séu nægilega tryggðir. Leggur minni hlutinn því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 31. maí 2022.

Gísli Rafn Ólafsson.